Fánasýning á fjallstindi

SUNNUDAGINN 28. ágúst var opnuð formlega sýning á ellefu myndfánum á tindi Úlfarsfells að sunnanverðu. Þar blakta ýmis tákn á fjölbreyttum efnum svo sem lökum, gardínum og hveitipokum sem öll eiga sína sögu og sameinast að lokum í anda og efni. Fánarnir eru festir á 6 metra háar bambusstangir er sveigjast í takt við vindinn með borgina í baksýn. Myndtáknin eru stemmningar sem upphaflega fæddust í Mexíkó síðastliðinn vetur þar sem listamaðurinn, Halldór Ásgeirsson, dvaldi. Hafa þau rekið hér á fjörur og eru hluti af úrvinnslu Halldórs úr þeirri ferð. „Droppað á þráð" er það kallað því afraksturinn kemur fram á ólíkum stöðum og stund, í efni og aðstæðum, sú slóð sem för veitir.

Sýningin stendur fram í miðjan september.

Nokkrir aðstandendur sýningarinnar. F.v. Margrét Auðuns, Þór Elís Pálsson, Jón Örn Ásbjörnsson og Posi.

Ungir myndlistarmenn sýna á Kjarvalsstöðum

Hagsmunafélag myndlistarmanna opnar í dag á Kjarvalsstöðum sína fyrstu sýningu. Félagið var stofnað árið 1979 í þeim tilgangi að mynda félag fyrir myndlistarmenn sem voru ófélagsbundnir og vinna að stofnun Sambands íslenskra myndlistarmanna, sem var formlega stofnað í október sl. Innan hagsmunafélagsins eru um 70 myndlistarmenn.

Mikil fjölbreytni er á sýningunni, enda ekki annars að vænta, þegar 40 ungir myndlistarmenn setja verk sín upp á sama stað.

Byggist sýningin upp á málverkum, skúlptúrum og myndbandsverkum, auk þess sem ýmsar uppákomur verða haldnar. Nú á opnunardaginn verður Jón Tryggvason með gjörning í sýningarsalnum, um næstu helgi verður svokölluð „video installation" Þórs Elís Pálssonar og síðustu sýningarhelgina verða hljóðverk á dagskrá. Sýningin er sölusýning og verða verkin sett upp í vestursal, forsal, fundarsal og garðinum umhverfis Kjarvalsstaði.

Messur á morgun

Guðspjall dagsins: Lúk. 17.: Tíu líkþráir.

Þakkargjörðardagur íslensku kirkjunnar

Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudaginn 4. september 1983.

ÁRBÆJARPRESTAKALL: Guðsþjónusta í safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 11 árd. Kolbrún á Heygum syngur einsöng, organleikari Jón Mýrdal. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

ÁSPRESTAKALL: Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

BÚSTAÐAKIRKJA: Guðsþjónusta kl. 11. Organleikari Guðni Þ. Guðmundsson. Sr. Ólafur Skúlason.

DÓMKIRKJAN: Messa kl. 11. Dómkórinn syngur, organleikari Jónas Þórir Þórisson, Anna Júlíanna Sveinsdóttir syngur einsöng. Sr. Hjalti Guðmundsson.

LANDAKOTSSPÍTALI: Messa kl. 10. Organleikari Birgir Ás Guðmundsson. Sr. Hjalti Guðmundsson.

ELLIHEIMILIÐ GRUND: Messa kl. 10. Sr. Þorsteinn Björnsson.

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK: Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Gunnar Björnsson.

GRENSÁSKIRKJA: Guðsþjónusta kl. 11. Organleikari Árni Arinbjarnarson. Almenn samkoma nk. fimmtudagskvöld kl. 20.30. Sr. Halldór S. Gröndal.

HALLGRÍMSKIRKJA: Messa kl. 11. Altarisganga. Organleikari Hörður Áskelsson. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Þriðjudagur 6. sept., fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30, beðið fyrir sjúkum.

LANDSPÍTALINN: Messa kl. 10. Sr. Karl Sigurbjörnsson.

HÁTEIGSKIRKJA: Messa kl. 11. Sr. Tómas Sveinsson.

KÓPAVOGSKIRKJA: Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

LANGHOLTSKIRKJA: Guðsþjónusta í nýju kirkjunni kl. 2. Ath. breyttan messutíma. Gunnlaugur Snævarr prédikar. Kór Langholtskirkju flytur mótettu eftir Bruckner. Básúnukvartett leikur, organleikari Jón Stefánsson, prestur sr. Sigurður Haukur Guðjónsson. Fjölmennum. Sóknarnefndin.

NESKIRKJA: Guðsþjónusta kl. 11. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Miðvikudagur: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Prestarnir.

SELJASÓKN: Guðsþjónusta Öldutúnsskóla kl. 14. Altarisganga. Ólafur W. Finnsson lætur af störfum sem organisti safnaðarins. Fimmtudagur 8. sept. fyrirbænasamvera Tindaseli 3, kl. 20.30. Sóknarprestur.

FÍLADELFÍUKIRKJAN: Almenn guðsþjónusta kl. 20. Ræðumaður Hallgrímur Guðmansson. Samskot fyrir Afríkutrúboðið. Organisti Árni Arinbjarnarson.

KFUM & KFUK, Amtmannsstíg 2B: Bænastund kl. 20. Samkoma kl. 20.30. Nýstúdentarnir Steinunn A. Björnsdóttir, Guðmundur Jóhannesson og Ragnheiður Harpa Arnardóttir tala. Fórnarsamkoma.

HJÁLPRÆÐISHERINN: Bæn kl. 20 og hjálpræðissamkoma kl. 20.30. Brig. Ingibjörg Jónsdóttir stjórnar. Lautinant Edgar Andersen talar.

KIRKJA ÓHÁÐA safnaðarins: Messa kl. 14. Prestur Emil Björnsson. Organisti Jónas Þórir.

DÓMKIRKJA KRISTS Konungs Landakoti: Lágmessa kl. 8.30. Hámessa kl. 10.30. Lágmessa kl. 14. Alla rúmhelga daga er lágmessa kl. 18 nema á laugardögum, þá kl. 14.

FELLAHELLIR: Kaþólsk messa kl. 11.

MOSFELLSPRESTAKALL: Messa að Mosfelli kl. 14.00. Prestur er sr. Gunnar Kristjánsson, organisti er Guðmundur Ómar Óskarsson.

VÍÐISTAÐA- og GARÐASÓKNIR: Guðsþjónusta í Garðakirkju kl. 11. Sr. Sigurður Helgi Guðmundsson.

KAPELLA ST. Jósefssystra Garðabæ: Hámessa kl. 14.

HAFNARFJARÐARKIRKJA: Messa kl. 14. Ath. breyttan messutíma. Sr. Gunnþór Ingason.

KAPELLAN ST. Jósefsspítala: Messa kl. 10.

KARMELKLAUSTUR: Hámessa kl. 8.30. Rúmhelga daga messa kl. 8.

KEFLAVÍKURKIRKJA: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Siguróli Geirsson. Sóknarprestur.

FÍLADELFÍA Keflavík: Almenn guðsþjónusta kl. 14. Ræðumaður Einar J. Gíslason.

GRINDAVÍKURKIRKJA: Messa kl. 11. Sóknarprestur.

STOKKSEYRARKIRKJA: Messa kl. 14. Sr. Úlfar Guðmundsson.

HVERAGERÐISKIRKJA: Messa kl. 11. Sr. Tómas Guðmundsson.

HJALLAKIRKJA: Messa kl. 14. Sr. Tómas Guðmundsson.

AKRANESKIRKJA: Messa kl. 10.30. Sr. Björn Jónsson.

OPIÐ Í DAG
til kl. 4
BJARNI D. JÓNSSON AUGL. TEIKNISTOFA
VM
Vörumarkaðurinn hf.
Ármúla 1A — Eiðistorgi 11